



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 127/1077
komudagur 8.3.2002

7. mars 2002
Tilvísun: 2002020198
091.1

Alþingi
Efnahags- og viðskipanefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 1. og 3. gr.

Frumvarp það sem hér um ræðir tengist frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og lögreglulögum, 494 mál. Við lestur frumvarpanna kemur í ljós ákveðið misræmi, þ.e. lögreglulagafrumvarpið (494 mál) gerir ráð fyrir, "að lögreglumenn skuli leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð", en frumvarp það sem hér um ræðir, (493 mál), gerir ekki ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti ákveðið lægri aldur með reglugerð. Að mati ríkislögreglustjórans þarf þetta að fara saman, þannig, að ef dómsmálaráðherra lækkar aldursmörk með reglugerð, njóti lögreglumenn fullra lífeyrisréttinda frá þeim aldursmörkum, sem ákveðin verða, en ekki er kveðið á um þetta í frumvarpinu.

Í samræmi við ofangreint leggur ríkislögreglustjórinn til, að 1. gr. frumvarpsins verði samræmd þeim texta sem er í frumvarpi til breytinga á lögreglulögum, (494 mál) og hefur lagt reifað þessi sjónarmið í umsögn til allsherjarnefndar um það frumvarp.

Í 3. gr. þessa frumvarps er ákvæði um að þeir lögreglumenn, sem þegar eru orðnir 65 ára við gildistöku laganna en eru ekki enn orðnir 70 ára og hafa ekki fengið lausn frá embætti, skal reiknaður lífeyrir skv. 39. gr., enda hafi þeim verið veitt lausn frá embætti fyrir 1. október 2002.

Ríkislögreglustjórinn hefur heyrt þá gagnrýni, að hér sé um of skamman aðlögunartíma að ræða og leggur því til að miðað verði við 1. maí 2003 í stað 1. október 2002, en samt sem áður verði viðkomandi að velja á milli nýja og gamla kerfisins innan 6 mánaða frá gildistöku laganna með formlegri tilkynningu til ríkislögreglustjórans þar um. Dagsetningin 1. maí er við það miðuð, að þá taki viðkomandi lögreglumaður heilt orlofsár (30 virka daga) með sér við starfslok.

F.h. RLS